

Vordagur í Englingavík. Mynd: Áslaug Þorvaldsdóttir

## Orlofshús 2017

Stéttarfélag Vesturlands óskar félagsmönnum þess að þeir njóti gleðilegs sumars og minnir um leið á kostina sem félagið býður upp á sumarið 2017. Óbreytt verð frá fyrra sumri.

Áfram bjóðum við tvö hús í Húsafelli, Kiðarskóg 1 og 10. Leigan fyrir Kiðarskóg 10 verður kr. 25.000. Íbúðin á Akureyri Ásatún 26, býðst félagsmönnum einnig á kr. 25.000. Kiðarskógur 1 sem er minna hús en númer 10, verður leigt á kr. 20.000 í sumar eins og Ölfusborgir.

Íbúð félagsins í Ásholti 2 í Reykjavík er ekki höfð með í sumarúthlutun og eru bæði leiguverð og úthlutunarreglur ótengd sumarorlofskostum.

Það er hægt að fá þá íbúð leigða í viku á kr. 25.000. Einnig er hægt að fá helgi í Ásholtinu frá kr. 14.000 og staka nótt í miðri viku á kr. 5.000.

**Umsóknir um orlofshús í sumar þurfa að berast skrifstofu Stéttarfélagsins í Borgarnesi í síðasta lagi 12. apríl n.k. Gert er ráð fyrir að úthlutun liggji fyrir í síðasta lagi 21. apríl. Hafi leiga ekki verið greidd þann 2. maí, verður húsunum úthlutað öðrum og eftir 15. maí gildir reglan fyrstur kemur fyrstur fær.**

Hér í blaðinu er gerð grein í stuttu máli og myndum fyrir þeim möguleikum sem í boði eru af hálfu félagsins sumarið 2017.

## Orlofshúsavefur

Stéttarfélag Vesturlands tók upp í fyrra nýjan orlofsvef sem auðveldar félagsmönnum til muna að panta sér orlofshús eða íbúð hvenær sem er sólarhringsins. Vefurinn hefur gefist mjög vel þetta ár sem hann hefur verið til reynslu.

Til að panta er bæði hægt að fara inn á [www.stettvest.is](http://www.stettvest.is) og finna þar hnapp sem stendur á „Orlofshús pantanir“ eða fara beint á [www.orlof.is/stettvest](http://www.orlof.is/stettvest).

Til að komast inn á vefinn þarf viðkomandi félagsmaður að vera með íslykil eða rafræn skilríki. Til að sækja íslykil er hægt að fara inn á [www.island.is](http://www.island.is) og fá hann annaðhvort í pósti eða inn á heimabanka.

Einnig eru ítarlegar leið-

beiningar inni á síðunni okkar [www.stettvest.is](http://www.stettvest.is) en ef fólk lendir í vandræðum er velkomið að hafa samband við okkur til að fá aðstoð.

Eins og síðasta vor er hægt að sækja um orlofshús vegna sumarúthlutunar inn á orlofsvefnum en þá er eins og áður, ekki greitt fyrr en úthlutun hefur farið fram. Með blaðinu okkar í ár fylgir einnig umsóknareyðublað ef fólk vill sækja um í sumarúthlutun skriflega.

Stefnan er að fólk sæki um rafrænt og því er þetta í síðasta sinn sem umsóknarblað fylgir með Félagsfréttum. Það verður þó alltaf hægt að nálgast slíkt eyðublað á skrifstofu félagsins.



## Stéttarfélag Vesturlands

Starfssvæði: Hvalfjardarveit - Borgarbyggð - Skorradalur - Eyja- og Miklaholtshreppur - Dalabyggð

### Félagsfréttir

Mars 2017 - 21. tölublað

**Ábyrgðarmaður:** Signý Jóhannesdóttir.

#### Stjórn Stéttarfélags Vesturlands:

Signý Jóhannesdóttir, formaður, Sigrún Reynisdóttir, varaformaður, Baldur Jónsson, ritari, Kristján Jóhannsson, vararitari, Eiríkur Þór Theódórsson, meðstjórnandi, Jónína Guðrún Heiðarsdóttir, meðstjórnandi. Aðrir meðstjórnendur og formenn deilda: Guðbjörg R. Gunnarsdóttir, form. IMS-deildar, Patricia M da Silva Teixeira, form. MFP-deildar, Elín Guðrún Tómasdóttir, form. DRS-deildar, Francois E.T. M. Cales form. ISD-deildar, Einar O. Pálsson, form. DVS-deildar.

## Launabreytingar 2017

Samningar á almennum markaði – Stéttarfélag Vesturlands við Samtök atvinnulífsins:

Frá 1. maí 2017 hækka öll laun og launatengdir liðir um 4,5%

Lágmarkstekjutrygging verður frá 1. maí kr. 280.000

Orlofsuppbót verður kr. 46,500.

Frá 1. júní hækka mótframlag atvinnurekanda í lífeyrissjóði úr 8.5% í 10%

Samningur við Samband íslenskra sveitarfélaga hækka 1. júní 2017 þannig að ný launatafla tekur gildi.

Lægsti flokkur töflunnar

hækkar um 2,5% og síðan verður 1.7% bil á milli launaflokka, því þarf að skoða launatöflu III þar sem breytingarnar eru misjafnar eftir því hvar í launastiganum er borið niður.

Orlofsuppbót sveitarfélaganna 2017 er kr. 46,500 og skal greiðast 1. maí.

Laun samkvæmt kjarasamningi SGS fh. Stéttarfélags Vesturlands við fjármálaráðherra fh. Ríkissjóðs hækka 1. júní um 4,5% og orlofsuppbót er sú sama kr. 46,500 og greiðist 1. júní.

## Launagreiðendur athugið!

Stéttarfélag Vesturlands vill vekja athygli ykkar á því að hægt er að senda skilagreinir vegna iðgjalda til aðildarfélaganna **rafrænt með XML eða SAL sendingum**. XML í gegnum síðuna [www.skilagrein.is](http://www.skilagrein.is) eða SAL á netfangið [stettvest@stettvest.is](mailto:stettvest@stettvest.is)

Svæði vegna notanda-

nafns/lykilorðs má vera AUTT.

Athuga vel að aðildarfélagsnúmer séu rétt og sjóðir séu rétt skráðir áður en sent er rafrænt í fyrsta sinn.

Allar almennar upplýsingar er að finna á heimasíðu Stéttarfélags Vesturlands <http://www.stettvest.is>

## Er frelsið yndislegt? Stéttarfélög eru ekki áttthagafélög!

Mikill misskilningur ríkir á hinum almenna vinnumarkaði um hugtakið félagafrelsi og það hvort einstaklingar geti valið sér stéttarfélag eftir geðþótta, þvert á félagssvæði og jafnvel kjarasamninga.

Allt frá árinu 1938 gilda lög nr. 80 um stéttarfélög og vinnudeilur. Árið 1980 eru sett lög nr. 55 um skyldur atvinnurekenda til að draga iðgjöld af starfsfólki sínu og skila þeim ásamt mótframlögum til þess stéttarfélags/lífeyrissjóðs, sem starfar á félagssvæði viðkomandi fyrirtækis, eða þar sem fyrirtækið hefur starfsstöð, félags sem fer með kjarasamningsgerð í viðkomandi starfsgrein. Þegar stéttarfélögin og samtök launagreiðenda semja um ný verkefni s.s. fræðslusjóði eða starfsendurhæfingu, þá þarf að gera breytingar á þessum lögum, svo að hægt sé að skylda launagreiðendur til að innheimta gjöldin.

Þetta skipulag á vinnumarkaðnum, setur meintu frjálsu vali verkafólks skorður. Verkamaður getur ákveðið að standa utan félags, en greiðir engu að síður vinnuréttargjald, vegna þeirrar þjónustu sem stéttarfélagið veitir við gerð kjarasamnings um lágmarkskjör í viðkomandi starfsgrein, sem og að standa vörð um áunnin réttindi. Það er einungis þegar tvö eða fleiri stéttarfélög starfa á sama félagssvæði og bæði hafa gert kjarasamning vegna starfsins, sem verkamaðurinn getur valið milli félaga. Nokkur stéttarfélög skilgreina sig sem landsfélög og hafa því allt landið sem félagssvæði. Verkamaður sem ákveðið hefur að standa utan félags getur óskað eftir þjónustu þess félags sem greitt er til, ef á honum er brotið og er þá félaginu skilt að þjónusta hann eins og greiðslur vegna hans gefa tilefni til.

Um langt árabíl hefur lítið verið um bein átök á almennum vinnumarkaði og því hefur ekki reynt að neinu marki á vankanta þess að verkafólk hafi ekki gætt þess að greiða í „rétt“ stéttarfélög. Vorið 2015 var boðað til verkfalla hjá allmörgum stéttarfélögum á hinum almenna vinnumarkaði. Þá kom í ljós að skipulag vinnumarkaðarins hafði riðlast allverulega. Stéttarfélag Vesturlands getur ekki boðað til verkfalla hjá félagsmönnum sínum sem starfa í Reykjavík. Á sama hátt geta stéttarfélög sem hafa félagssvæði í Reykjavík ekki boðað til verkfalla á félagssvæði Stéttarfélags Vesturlands. Þegar málum er svo komið að á vinnustað eru verkamenn í mörgum mismunandi félögum og jafnvel félögum sem ekkert umboð hafa um gerð kjarasamninga fyrir viðkomandi störf, þá hefur talsmönnum frelsisins tekist að eyðileggja neyðarrétt verkafólks til að beita verkfallsrétti til að kýja á um kjarabætur.

Þessi misskilda ást á frelsi getur komið verkafólki í koll þegar það ræður sig til starfa og ákveður að greiða til félags sem ekki hefur samningsrétt fyrir það (eða launagreiðandinn tekur ákvörðun um að skila iðgjöldum út fyrir starfssvæðið eða starfsgreinina). Nú telur verkamaður á sér brotið og vill sækja rétt sinn, hann leitir til stéttarfélags sem hefur t.d. félagssvæði í Reykjavík, þá nær lögsaga þess ekki upp í Borgarfjörð eða vestur í Dalí. Á sama hátt getur Stéttarfélag Vesturlands ekki höfðað mál á hendur atvinnurekanda t.d. norður á Akureyri vegna brota hans á félagsmanni í Stéttarfélags Vesturlands sem starfar á Akureyri og lítur á gamla félagið sitt sem áttthagafélag.

Réttindi fólks flytjast milli félaga innan ASÍ eftir ákveðnum reglum og í langflestum tilfellum er félagsmaðurinn ekki að tapa neinu niður. Vissulega eru félögin með eitthvað misjafnar reglugerðir og ekki öll með sömu þjónustuna, en þjónustan byggir á því sem nærumhverfið kallar á hverju sinni.

Dægurlagið þar sem þessi setning kemur fyrir "Frelsið er yndislegt, ég geri það sem ég vil" getur verið ágætt, en að mati Stéttarfélags Vesturlands eru það bara launagreiðendur sem græða á því að dreifa iðgjöldum verkafólks út um allar koppagrundir í nafni frelsisins.

Signý Jóhannesdóttir

# Einn réttur ekkert svindl Vinnustaðaeftirlit í samstarfi við Verk Vest og Verk Snæ



Alþýðusamband Íslands stendur í samstarfi við aðildarsamtök sín að verkefni sem beinist gegn undirboðum á vinnumarkaði og svartri atvinnustarfsemi með yfirskriftinni EINN RÉTTUR -EKKERT SVINDL

Markmið verkefnisins er að tryggja að kjör og réttindi verkafólks séu að lágmarki greidd í samræmi við kjarasamninga og koma í veg fyrir að greitt sé undir töxtum. Að sköttum og skyldum sé skilað í sameiginlega sjóði, hvort sem að er til ríkis, sveitarfélaga eða stéttarfélaga. Verkefninu er beint gegn þeim fyrirtækjum sem brjóta oft og tíðum á ungu fólki og erlendum starfsmönnum og skapa sér þannig annan grundvöll til rekstrar í samkeppni við þá sem virða lög og rétt. Verkefninu er ekki beint gegn starfsfólkinu sem ræður sig í góðri trú um að hjá fyrirtækinu sé allt uppi á borðinu.

Þetta er verkefni sem bætist við önnur sem stéttarfélögin hafa verið að sinna og því þarf að finna mannskap og tíma til að skipuleggja og fara síðan í þessar heimsóknir. Stéttarfélögin á norðanverðu Vesturlandi hafa gert með sér



María Lóa Friðjónsdóttir

samkomulag um að Verkalýðsfélag Vestfirðinga leggi til starfsmann sem verður verkefnisstjóri, Stéttarfélag Vesturlands og Verkalýðsfélag Snæfellinga greiða svo Verk Vest hluta af kostnaði við verkefnið. Starfsmaðurinn mun halda utanum skipulagið og félögin koma svo með í vinnustaðaeftirlitum.

Það er von félaganna þriggja að önnur stéttarfélög sem hlut eiga að máli komi

einnig að þessu, þegar fram líður. Verk Vest hefur ráðið Maríu Lóu Friðjónsdóttur, sem er viðskiptafræðingur og með meistaraþróf í stjórnun í alþjóðlegu fyrirtækjaumhverfi, til að stýra þessari vinnu. Hún hóf störf hjá Verk Vest í desember sl. en gert er ráð fyrir að þetta samstarfsverkefni byrji núna í mars.

„Ég tel að gott samstarf við forvarsmenn fyrirtækja skipti miklu máli og að vera þeim til

aðstoðar og vera leiðbeinandi aðili varðandi þessi atriði, þó auðvitað þurfi stundum að sýna hörku þegar við á.

Það verður örlítið eins og að koma aftur heim að fá tækifæri til að starfa í Borgarbyggð og á Snæfellsnesinu því ég ólst upp á Snæfellsnesi en sótti menntun í Borgarnes, Reykholt og á Bifröst og ég hlakka því mjög til samstarfsins við stéttarfélögin í Borgarnesi og á Snæfellsnesi“, sagði María Lóa í stuttu samtali við Félagsféttir.

Stéttarfélag Vesturlands hefur trú á að með þessu fyrirkomulagi verði hægt að vinna markvissara að vinnustaðaeftirliti á svæðinu en þegar hefur verið gert og starfsmenn hlakka til að eiga samstarf við Maríu Lóu og þessi systurfélög á Vestfjörðum og Snæfellsnesi. Rétt er að geta þess að þetta er víðfemt svæði, nær frá Hvalfjarðarbotni, um Borgarfjörð og Dali, allt Snæfellsnesið og Vestfirðina og Standirnar að Hrutafjarðarbotni. Í Hrutafirðinum mætir þetta verkefni starfsmanni sem kemur frá Eyjafirðinum og er samvinnuverkefni stéttarfélaganna á Norðvesturlandi.

## Forvarnir og stuðningur við ungt fólk!

Stéttarfélag Vesturlands og Menntaskóli Borgarfjarðar hafa gert með sér samkomulag um sálfræðipjónustu fyrir nemendur skólans. Tilvísun frá náms- og starfsráðgjafa MB veitir nemandan rétt á endurgreiðslu/styrk allt að fjórum sálfræðitímum á skólaárinu 2016-2017. MB greiðir fyrsta tímann og Sjúkrasjóður Stéttarfélags Vesturlands næstu þrjá, að hámarki.

Stjórn Sjúkrasjóðs Stéttarfélags Vesturlands vill koma til móts við ungt fólk sem þarf

á stuðningi að halda vegna andlegra og/eða félagslegra erfiðleika. Mikil umræða hefur verið í samfélaginu um vanlíðan ungs fólks, brottfall úr skóla vegna þunglyndis eða annarra erfiðleika sem koma niður á getu ungmenna til að stunda nám og vera virkir þátttakendur í skólalífinu. Heyrst hefur að þetta geti jafnvel verið orsök hárrar tíðni sjálfsviga, sérstaklega ungra karlmannna. Mörg ungmenni eiga lítinn rétt til endurgreiðslu úr sjúkrasjóði félagsins þar sem þátt-

taka þeirra á vinnumarkaði með skóla er takmörkuð. Stjórn sjóðsins hafði því frumkvæði að því að gera þetta samkomulag og verður það skoðað aftur vorið 2017 hvort framlengja eigi þessa tilraun.

Hafi nemendur áhuga á að nýta sér þessa þjónustu snúa þeir sér til náms- og starfsráðgjafa eða skólameistara eftir atvikum sem hafa umboð til að veita heimild fyrir endurgreiðslu/styrk.

Stjórn sjóðsins fær einungis upplýsingar um fjölda viðtala

sem óskað er eftir, engar umsóknir berast til félagsins, þannig að fulls trúnaðar er gætt. Stjórnin er að sjálfssögðu að auki bundin trúnaði um allar umsóknir sem til hennar berast.

Náms- og starfsráðgjafi skólans og skólameistari eru bundnir trúnaði við þá sem til þeirra leita og starfar náms- og starfsráðgjafi skv. siðareglum fagstéttarinnar þar sem áherslan er á manngildi og virðingu, sjálfræði, heill og velferð ráðþega.

# Með Flóanum í Gallup könnun!

Það er hverju stéttarfélagi nauðsynlegt að vita með nokkurri vissu hver raunveruleg kjör félagsmanna eru á hverjum tíma. Eitt er að gera kjarasamninga sem kveða á um lágmarkslaun, annað er að vita hvaða laun eru í raun greidd. Þegar stéttarfélag tekur við iðgjöldum af félagsmanni þá er hægt að sjá hverjar heildartekjur hans eru, en engar upplýsingar fylgja um vinnutímann sem að baki liggur. Kannanir þar sem rætt er við félagsmanninn og spurt um hver dagvinnulaunin eru og hver vinnutíminn er o.s.frv. gefa því mun gleggri mynd af því hver kjörin eru í raun. Við þekkjum öll að það er hægt að hafa góðar tekjur þó að grunnlaunin séu lág, bara með því að vinna langan vinnudag.

Stéttarfélag Vesturlands kom inn í Gallup könnun, sem félögin við Flóann hafa látið gera frá því um aldamótin. Félögin hafa látið skoða ýmsa þætti kjaramálanna


í árlegum könnunum. Félögin fjögur sem eiga þessa samvinnu eru Efling, Hlíf, VSFK og Stétt Vest. Könnunin var gerð í október sl. og er ljóst að með þátttöku Stétt Vest breikkaði það svið sem viðhorfskönnunin náði til þar sem Stéttarfélag Vesturlands nær til annarra starfsgreina en félögin á Stór-Reykjavíkursvæðinu og má þar nefna bæði ferðapjónustu á landsbyggðinni og landbúnaðarstörf.

Stéttarfélag Vesturlands hefur ekki tekið þátt í kjara og viðhorfskönnun fyrir almenna félagsmenn í rúm 10 ár. Síðast var það gert með Starfsgreinasambandi Íslands og þá var úrtakið svo lítið að mjög erfitt var að nýta sér upplýsingarnar. Þegar félagið steig það skref vorið 2015 að hefja samstarf við Flóann um gerð kjarasamninga þá kom strax upp sú hugmynd að félagið tæki þátt í næstu kjarakönnun Flóans.

Hér er slóðin á vef könnunarinnar: [www.stettvest.is/frettir/nr/204139/](http://www.stettvest.is/frettir/nr/204139/)


## Vinnutími – fólk í fullu starfi

Sp. 16. Hvað vannstu margar klukkustundir í aðalstarfi þínu í síðustu viku?



## Dagvinnulaun


Meðaltal í þúsundum kr.



GALLUP

## Áhyggjur af fjárhagsstöðu


Sp. 8. Hefur þú miklar, líttar eða engar áhyggjur af fjárhagslegri stöðu þinni?



Könnunin sýnir betri stöðu heimilanna og minni áhyggjur fólks af fjárhagslegri stöðu sinni.

## Heildarlaun – breytingar eftir félagum

Meðaltal í þúsundum kr.



## Ölfusborgir

Sumarhús félagsins í Ölfusborgum er alltaf jafn vinsælt. Á glæsilegri veröndinni, sem er afgirt, er heitur pottur og gasgrill. Svefnaðstaða er fyrir 6 til 8 manns, sængur og koddar f. 8 og borðbúnaður f. 8. Húsið er búið öllum venjulegum búnaði fyrir 6 til 8 manns.

Í Hveragerði, sem er í göngufæri frá bústaðnum, er alla þjónustu að finna og svo er líka stutt að skreppa á Selfoss sem er í ca 5 mín. akstursfjarlægð. Einnig er stutt að keyra t.d. á Stokkseyri, Eyrarbakka, Þorlákshöfn og í uppsveitir Árnassýslu þar sem margt skemmtilegt er að skoða. Sem dæmi má nefna

Draugasafnið á Eyrarbakka eða Dýragarðinn í Slakka, boðið er upp á kajaksiglingar frá Stokkseyri og flúðasiglingar niður Hvítá. Með tilkomu Landeyjahafnar skapast kostur á skemmtilegri ferð með Herjólfli til Vestmannaeyja. Ef keypt er ferð með Herjólfli bendum við þér á að geyma kvittunina, því við endurgreiðum þér 50% af þeim kostnaði. Við vekjum einnig athygli á því að hægt er að fá ýmsa þjónustu keypta hjá Heilsustofnun NLFÍ sem er í næsta nágrenni.

Orlofshúsið við Ölfusborgir stendur félagsmönnum til boða í sumar í vikuleigu frá 2. júní til 1. sept.



# Gullklúbbur og gisting innanlands að eigin vali!

Vinsældir íbúðarinnar í Ásholti 2 í Reykjavík eru gríðarlegar. Oft er eitthvað laust í miðri viku, þó helgar séu nær alltaf bókaðar u.þ.b. tvo mánuði fram í tímann. Orlofsjóður mun áfram bjóða félagsmönnum sem þurfa að greiða fyrir gistingu á hóteli eða gistiheimili, að koma með reikninginn á skrifstofu félagsins og sækja um

niðurgreiðslu. Við munum þá greiða niður um kr. 3.000 hverja nótt, þó ekki meira en 50% af kostnaði og að hámarki 4 nætur á ári, hjá félagsmanni. Þetta mun gilda á tímabilinu frá 1. okt. til 30. apríl, en frá 1. maí til 30. sept. yrði endurgreiðslan kr. 5.000 á nótt. **Reikningar þurfa að vera löglegir og skráðir á nafn félagsmannsins.**

Rétt er að geta þess að

þetta verður einungis vegna gistingar innanlands og gildir ekki vegna þeirra kosta sem félagið býður sjálf í íbúðum eða orlofshúsum.

**Gullklúbburinn** stendur félagsmönnum áfram til boða. Orlofsjóður félagsins hefur aðild að Gullklúbbnum og stendur félagsmönnum því til boða að gista á Gullklúbbskjörum á nokkrum hótelum

í Reykjavík og víðar, þetta eru Grand hótél og Fosshótél. Afslættir fást einnig af mat og ýmiskonar þjónustu. Sýna þarf félags skirteini og geta þess að félagið sé aðili að Gullklúbbnum þegar bókað er. Hægt að nálgast félagsskirteini á skrifstofu félagsins.

## Kiðarskógur 10, Húsafelli

Sumarið 2017 býður Stéttarfélag Vesturlands félagsmönnum sínum upp á orlofshúsið í Kiðarskógi 10 í Húsafelli. Kiðarskógur 10 er 94 fm auk svefnlofts. Gistiástaða er fyrir 8 á neðri hæð. Á svefnlofti eru 3 rúm og nokkrar dýnur. Húsið er búið öllum venjulegum búnaði ásamt heitum potti á palli.

Í Húsafelli er sundlaug, níu holu gólfvöllur og á laugar-dagskvöldum yfir hásumarið er tandraður varðeldur í Hátíðarlundi þar sem sumarhúsa-gestir og gestir á tjaldsvæði safnast saman. Fyrir neðan sundlaugina er skemmtilegt

leiksvæði með leiktækjum frá Barnasmíðjunni og á tjaldsvæðinu er körfubolta-grind, tvö fótbolta-mörk og strand-blakvöllur. Ótal áhugaverðar gönguleiðir er einnig að finna um Húsafell og nágrenni. Verslun og veitingastaður eru á svæðinu sem eru opin alla daga yfir sumartímann.

**Leigutímabil í boði: Orlofshúsið stendur félagsmönnum til boða í vikuleigu í sumar frá 2. júní til 1. sept.**



## Njótum náttúrunnar og veiðum á grillið!

Sumarið 2017 býður Stéttarfélag Vesturlands félagsmönnum að kaupa **Útilegukortið** sem veitir áfram aðgang að yfir 40 tjaldsvæðum og **Veiðikortið** sem veitir nú aðgang að 35 veiðistöðum og þar af mörgum á Vesturlandi.


Félagsmenn geta keypt útilegukortið á kr. 10.000.- og veiðikortið á kr. 4.000.-.

Hægt er að finna allar upplýsingar um kortin á [www.veidikortid.is](http://www.veidikortid.is), [www.utilegukortid.is](http://www.utilegukortid.is).

Við hvetjum félagsmenn til þess að kynna sér vel þessa kosti á vefsíðunum og síðan að skoða landið og njóta gæða þess á sem ódýrasta hátt.

Kortin verða til sölu í allt

sumar á skrifstofunni í Borgar-nesi, félagsmenn í öðrum póst-númerum en 310 geta fengið þau send heim ef þeir óska þess.



## Húsafell - Kiðarskógur 1

Kiðarskógur 1 er 64 fermetra hús, sem stendur örlítið innan á vinstri hönd við Kiðarskóg en númer 10. Því fylgir ágætur pallur, heitur pottur og lítið gestahús sem er ekki einangrað en með rafmagnsofni. Húsið er búið öllum hefðbundnum

búnaði og lítur mjög vel út. Þrjú svefnherbergi eru í húsinu og gistirými fyrir 8, þar af tvær kojur, allar búnaður er fyrir átta.

Kiðarskógur 1 stendur félagsmönnum til boða í sumar í vikuleigu frá 2. júní til 1. sept.

# Taktu því rólega í Borginni!

Íbúð félagsins í Ásholti 2 í Reykjavík er í stóru fjölbýlishúsi þar sem á annan tug íbúða eru í eigu stéttarféлага. Hún er fjögurra herbergja og er því mjög rúmgóð en svefnaðstaða er fyrir 6 (plús tvíbreið dýna). Íbúðinni fylgir stæði í bílageymslu, þar sem mjög góð þvottaaðstaða er fyrir bíla. Þvottahús með vönduðum tækjum er í sameign. Eigninni fylgir líka fallegur lokaður garður og er hægt að ganga beint úr íbúðinni út í garðinn þar sem til staðar er útigrill, borð og stólar. Húsfélagið hefur í sinni þjónustu mann sem sér um alla sameignina og er eignin annáluð fyrir snyrtimennsku á allan hátt.

Inngangur í Ásholtið er frá Laugavegi og stendur húsið rétt austan við Hlemm, það er því á mjög góðum stað og miðborgin í þægilegu göngufæri með öllu því sem

hún hefur upp á að bjóða í menningu, veitingastöðum og annarri þjónustu.

Íbúðin er ekki til úthlutunar eins og sumarhúsin, hér gildir reglan fyrstur kemur fyrstur fær. Eina skilyrðið er að helgar eru aðeins leigðar frá föstudegi til sunnudags. Þar sem íbúðin er mjög eftirsótt er rétt að geta þess að skynsamlegt er að bóka með nokkrum fyrirvara. Oft eru helgar bókaðar tvo mánuði fram í tímann, en hægt er að fá virka daga með styttri fyrirvara. Verðið er eins og áður mjög hóflegt en félagsmenn greiða 14.000 fyrir helgina, 5.000 fyrir staka virka nótt og 25.000 fyrir heila viku.

Hægt er að fá leigð rúmföt og handklæði og sé þess óskað, þarf að hafa samband við félagið út af því, jafnvel þó bókað sé á netinu.



## Ásatún 26, Akureyri

Ný orlofsíbúð á Akureyri var tekin í notkun 1. feb. 2016 og hefur notið mikilla vinsælda.

Ásatúnið er í svokölluðu Naustahverfi sem er í suðvesturlhuta Akureyrar.

Húsið er 12 íbúða fjölbýli á þremur hæðum, byggt árið 2014, klætt utan með bærustáli. Íbúðin er á jarðhæð til vinstri merkt 101.

Íbúðin er 110 fm., þrjú svefnherbergi og svefnaðstaða fyrir 8 manns. Rúm eru 183 cm x 203, 153 x 203, og tvennar kojur með dýnustærð 90 x 200. Tvær auka dýnur í geymslu, sem er innan íbúðarinnar. Borðbúnaður er fyrir 12. Uppþvottavél er í íbúðinni og ísskápur með góðum frysti. Barnarúm og barnastóll eru á staðnum.

Á baðherbergi eru þvottavél og þurrkari. Sturta er á baði.

Öll gólf eru flisalögð og íbúðin er mjög rúmgóð, þannig að vel ætti að fara um alla sem nýta sér þessa frábæru aðstöðu. Aðgengi er að sjónvarpi símans og nettengingu.

Einungis nokkrir metrar eru í

næstu matvöruverslanir og mjög stutt er á útivistarsvæði Akureyringa. Mjög stutt er í strætó sem er gjaldfrjálst fyrir alla. Á Akureyri er alla mögulega þjónusta að finna, einnig er þar ríkt menningarlíf. Þar er nyrsti 18 holu golfvöllur í heimi, Jaðarsvöllur. Kjarnaskógur er fjölbreytt útivistarsvæði með alhliða möguleikum til hollrar útivistar. Þar eru tveir blakvellir sem ætlaðir eru almenningi og ýmis leiktæki fyrir börn og fullorðna. Góð grillaðstaða er þar fyrir almenning og er mjög vinsælt hjá fjölskyldum og hópum að safnast saman í Kjarna, grilla og eiga saman góðar stundir við leiki og náttúruskoðun. Með tilkomu Héðinsfjarðarganga hefur opnast möguleiki að fara Tröllaskagahring, sem er þá mótvægi við hinn margrómaða Mývatnshring. Sjá nánari upplýsingar á [www.akureyri.is](http://www.akureyri.is)

**Leigutímabil í boði: Íbúðin stendur félagsmönnum til boða í vikuleigu frá 2. júní til 1. sept.**

## Áfram endurgreitt til Vestmannaeyja!

Félagsmenn í Stéttarfélagi Vesturlands geta skotist til Vestmannaeyja með Herjólfni á hálfu gjaldi. Við höfum þann hátt á eins og í mörgu öðru að félagsmaður þarf að leggja út fyrir fargjaldinu en kemur svo á skrifstofuna þegar hann hefur farið í ferðina og fær endurgreitt. **Koma þarf með reikning, eða greiðslukvittun**

**úr bókunarkerfi Herjólfns þar sem fram kemur nafn og kennitala félagsmannsins.** Endurgreiðslan gildir fyrir félagsmanninn ásamt fjölskyldu og fjölskyldubíl. Ekki þarf að sækja um þennan kost fyrirfram.

Nú er um að gera að drífa sig til Eyja!



Heimsókn 10. bekkjar.

# Samskipti við nemendur

Á hverju vori koma til okkar nemendur í 10. bekk og fá kynningu á starfsemi stéttarfélaga og réttindum þeirra sem starfsmanna á vinnumarkaði. Mjög oft spinnast skemmtilegar umræður

með þeim. Á þessum myndum má sjá nemendur í 10. bekk sem komu til okkar 25. maí 2016 í smá spjall.

3. mars sl. fóru Signý og Silja í heimsókn í Menntaskólann og hittu þar

hressa nemendur en það er einnig orðið að föstum lið hjá okkur að fræða menntaskólanema um kaup og kjör á vinnumarkaði, mikilvægi þess að hafa ráðningasamning og fara yfir launaseðilinn

sinn og marg fleira. Eins og með nemendum í 10. bekk sköpuðust miklar og góðar umræður og vonum við að allir hafi haft gagn og gaman að.

## Aðalfundur deilda

Aðalfundur deilda Stéttarfélags Vesturlands var haldinn 6. mars sl.

Þar fór að venju fram stjórnarkjör. Deildirnar eru fimm talsins og voru kjörnir nýjir formenn í þrjár þeirra.

Í Deild iðnaðar- mann- virkja og stóriðju var kjörinn formaður Jakob Hermannsson, Deild verslunar- og skrifstofufólks fékk nýjan formann Mariu Hrund Guðmundsdóttur og við fomennsku í Deild starfsfólks hjá ríki og

sveitarfélögunum tók Elín Ósk Sigurðardóttir. Patrícia Teixeira er formður í Deild matvæla- flutninga og þjónustu og í Iðnsveinadeildinni er formaður Francois E.T.M. Cales.

Félagið kann fráfarandi formönnum þakkir fyrir vel unnin störf og býður nýja velkomna til starfa. Á aðalfundi félagsins sem áætlað er að halda 26. apríl nk. munu nýjir formenn deilda taka sæti í aðalstjórn félagsins.

**Skrifstofa Stéttarfélags Vesturlands er opin eins og hér segir:**

**Borgarnes**

**Alþýðuhúsinu, Sæunnargötu 2a, í Borgarnesi  
alla virka daga frá kl. 08:00-16:00  
Sími: 430 0430**

**Skrifstofum félagsins í Búdardal og Hvalfjardarsveit  
hefur verið lokað.**

**Stefnt er að því að sinna samskiptum við félagsmenn með vinnustadaheimsóknnum, ýmist skipulögðum eða óvæntum. Félagsmönnum er bent á að hafa samband við skrifstofuna í Borgarnesi og panta fulltrúa frá félaginu í heimsókn ef þeir telja þörf á.**

**Vid minnum á símann:  
430 0430 – fax: 430 0431  
netfang: stettvest@stettvest.is**

**Heimasíða félagsins er: [www.stettvest.is](http://www.stettvest.is)**

**Aðalfundur Stéttarfélags Vesturlands verður miðvikudaginn 26. apríl 2016**

*Nánar auglýst síðar*

**Við minnum á að umsóknum og gögnum um styrki í sjúkrasjóð og fræðslusjóði þarf að skila fyrir 25. hvers mánaðar.**

# Breytt kerfi - húsnæðisbætur

Mikill munur hefur verið á stuðningi við þá sem kaupa íbúðarhúsnæði og þeirra sem hafa valið eða þurft að leigja. Allt frá fyrstu dögum verkalyðshreyfingarinnar hefur það verið eitt af helstu baráttumálum hennar að verkafólk geti búið í mann-sæmandi húsnæði. Á Íslandi hefur verið ofuráhersla á

séreignastefnuna, á meðan félagar okkar á hinum norðurlöndunum hafa lagt áherslu á að geta boðið öruggt leiguhúsnæði sem tekjulágt verkafólk hefur getað staðið undir.

Húsaleigubætur hafa verið skamrarlegar lágur og höfðu ekki hækkað frá árinu 2013, á sama tíma hækkaði leiguverð





mikið.

Almennur stuðningur við leigjendur færir frá sveitarfélögum til ríkisins og um-sýslan sett í hendur Vinnu-málastofnunar. Sveitarfélögin munu samt áfram greiða sér-tækan húsnæðisstuðning til þeirra sem eiga rétt á honum.

Meðfylgjandi myndir sýna samanburð á fyrri reglum um

húsaleigubætur og síðan það kerfi sem við tók um áramótin. Rétt er að benda leigjendum á að kynna sér hlutina vel því tekjuviðmiðin eru allt önnur í þessu nýja kerfi en voru í því gamla.

Frekari upplýsingar um húsnæðisbætur er að finna á vefnum <https://husbot.is/>



## Bjarg íbúðafélag - kemur það til bjargar?

Á 100 ára afmælisdegi ASÍ þann 12. mars 2016 ákvað ASÍ með stuðningi BSRB að standa fyrir stofnun almenns íbúðafélags sem mun bjóða upp á ódyrt leigu-

húsnæði fyrir tekjulágar fjölskyldur og einstaklinga. Reykjavík, Hafnarfjörður og ýmis sveitarfélög á landsbyggðinni munu leggja til lódir vegna uppbyggingar-

innar. Félagið hefur þegar tekið til starfa og standa vonir til að fyrstu íbúðirnar verði teknar í notkun á seinni hluta ársins 2018.







Fjölmennt var hjá okkur á kvennafrídeginum 24. október sl. og þar tóku konur saman höndum og horfðu á beina útsendingu frá Austurvelli.

## Trúnaðarmannanámskeið í mars!

Kjör flestra trúnaðarmanna Stéttarfélags Vesturlands gildir til ársloka 2017. Okkur vantar trúnaðarmenn á nokkrum vinnustöðum þar sem ekki hefur tekist að fá einhvern félagsmann til að sinna starfinu. Er trúnaðarmaður á þínum vinnustað?

Stefnt er að því að hafa

Trúnaðarmannanámskeið dagana 20. -22. mars nk. Þetta yrði 4. þrep námskeiðsins og hluti af 2. þrepi

Góður trúnaðarmaður er gullsigildi.

Stéttarfélaginu hefur gengið misvel að fá einstaklinga til að gefa kost á sér til að gegna stöðu trúnaðarmanns og alltaf

eru það einhverjir vinnustaðir sem eru trúnaðarmannslausir. Lög um stéttarfélög og vinnudeilur heimila starfsmönnum á vinnustöðum þar sem starfsmenn eru 5 eða fleiri að kjósa sér trúnaðarmann. Þegar starfsmenn eru fleiri en 50 má kjósa tvo. Félagið vill hvetja fólk til að forvitnast um það á

sínum vinnustað hvort kosinn hafi verið trúnaðarmaður og hafi svo ekki verið að gera það og setja sig í samband við skrifstofu félagsins með ábendingar ef einhver vill gefa kost á sér til stöðunnar.

## Vond umgengni kallar á hertar reglur!

Sumarhús og íbúðir félagsins hafa verið mikið nýttar, þó alltaf komi af og til tímabil þar sem ásóknin er minni. Húsin okkar í Húsafelli hafa verið mjög mikið notuð fram að áramótum en janúar var næsta ónýttur. Þar getur verður og færð vissulega haft áhrif. Við höfum í langflestum tilfellum verið mjög heppin hvað varðar umgengni, enda

höfum við reynt að hafa alla hluti í sem bestu lagi. Húsafell hefur þó aðeins orðið fyrir barðinu á slæmum síðum. Félagið hefur ekki viljað setja aldurstakmarkanir á útleigu ungs fólks, höfum sagt að þeir sem orðnir eru 18 ára (sjálfráða/fjárráða) geta leigt af okkur hús. Það hefur svo gerst að sumt af unga fólkinu getur ekki staðið undir þeirri

kröfu að ganga vel um og skila húsunum í ásættanlegu ástandi. Stjórn orlofssjóðsins hefur því tekið ákvörðun um að leigja ekki yngri en 20 ára, þ.e. félagsmaður þarf að vera kominn á 21. aldursár til að geta leigt. Við höfum sent innheimtukurfur á þá sem hafa brotið umgengisreglur vegna aukaþrifa og höfum sett fólk á bannlista ef það gengur

ekki um í samræmi við þær almennu kröfur sem fram koma á leigusamningum. Þá skiptir ekki máli hvort þeir brotlegu eru ungir eða gamlir.

Afgefnu tilefni viljum við minna á að gæludýr eru ekki leyfð í sumarhúsum/íbúðum félagsins og notkun tóbaks er einnig stranglega bönnuð.

# Sjúkrasjóður Stéttarfélags Vesturlands

## Bótareglur frá og með 1. jan. 2017

- Fæðingarstyrkur** kr. 100.000  
Miðast við félag. Þannig að ef tveir fullgreiðandi félagar eignast saman barn eiga hvort um sig rétt á fæðingarstyrk. Greiða þarf iðgjald af greiðslum fæðingarorlofssjóðs. Styrkurinn er framtalsskyldur.
  - Styrkur v/glasa-, tæknifrjóvgunar og ættleiðingar** kr. 100.000  
Miðast við félag. Þannig að ef um er að ræða tvo fullgreiðandi félagar eiga þeir hvor sinn rétt. Aðeins veittur einu sinni á hverju þriggja ára tímabili. Leggja þarf fram staðfestingu á útlögðum kostnaði og aldrei skal greiða meira en 50% af kostnaði.
  - Gleraugnastyrkur pr. félag á 24 mánaða tímabili** kr. 40.000  
**pr. barn á 12 mánaða tímabili** 20.000  
En aldrei meira en 50% af reikningi.
  - Heyrnatækjastyrkur**  
pr. félag á 36 mánaða tímabili kr. 40.000  
Miðað við tæki í annað eyra. Upphæð tvöfaldast ef þörf er á tveimur tækjum. Þó aldrei meira en 50% af reikningi.
  - Göngugreining**  
greitt að fullu, eða allt að: kr. 5.000
  - Krabbameinsleit**  
100% af grunnrannsókn, allt að: kr. 10.000
  - Almenn rannsókn hjá Hjartavernd**  
50% af kostnaði, allt að: kr. 12.000
  - Sjúkranudd, sjúkrahjálfun og önnur endurhæfing.**  
Tilvísun læknis þarf til. Ekki greitt meira en 50% af hverjum reikningi. kr. 50.000
  - Heilsurækt, svo sem sund, líkamsræktarstöðvar o.fl. - Hámark:** kr. 25.000  
Umsækjendur þurfa að hafa verið greiðandi sjóðfélagar í a.m.k. 12 síðustu mánuði, miðað við reglur sjóðsins. Þó aldrei meira en 50% af kostnaði á hverju 12 mánaða tímabili. Reikningar skulu stílaðir á nafn viðkomandi og einungis gilda fyrir félagsmanninn.
  - Augnaðgerðir, á öðru auga er hámark** kr. 50.000  
Hámark fyrir bæði augu kr. 100.000  
Um er að ræða laser eða lasik aðgerðir. Einn fullur styrkur á 36 mánaða fresti. Umsækjandi þarf að hafa verið félagi í síðustu 12 mán.
  - Viðtalsmeðferð hjá sálfræðingum/fjölskylduráðgjöfum.**  
Hámark kr. 45.000  
Greitt 50% viðtalstíma að hámarki kr. 6.000 fyrir tímann.  
Greining á ADHD skal styrkt samkv. þessari gr. og greiða skal 50% af reikningi að sama hámarki.
  - Dánarbætur, skv. gr. 12.4.** kr. 360.000
  - Dvöl félagsmanna sem fara í endurhæfingu eða meðferð samkvæmt tilvísun læknis á endurhæfingarstofnunum verði niðurgreidd um kr. 3.000 á dag í allt að 42 almanaksdaga (6 vikur). Þó aldrei meira en 50% af kostnaði.
  - Stjórn er heimilt** að styðja félagar og börn þeirra til annarra stoðtækjakaupa en að ofan greinir samkv. gr. 12.8. í reglugerð sjóðsins. Stjórnin setur sér þá vinnureglu að stoðtækjakaup séu ávallt að tilvísun læknis og styrkur v/barna 50%.
  - Heimilt** er í eitt skipti að veita styrk sem svarar dagpeningum í allt að 45 daga vegna sjúkdóms sem stafar af ofneyslu vímuefna. Tilvísun læknis þarf til.
  - Dagpeningar** í veikinda- og slysaförðum í allt að 150 almanaksdaga samkv. grein 12.1 í reglugerð sjóðsins. Þó aldrei hærri en kr. 460.000 í hverjum mánuði.
  - Dagpeninga** vegna veikinda langveikra og alvarlega fatlaðra barna í allt að 90 almanaksdaga, samkv. grein 12.2. Þó aldrei hærri en kr. 460.000 í hverjum mánuði.
  - Dagpeningar** vegna mjög alvarlegra veikinda maka í allt að 90 almanaksdaga, samkv. grein 12.3. Þó aldrei hærri en kr. 460.000 í hverjum mánuði.
- Viðmið til að ná fullum bótarétti er kr. 31.000.- sl. 12 mánuði.
- Geymd réttindi eldri borgara og öryrkja:**  
Samkv. grein 11.1 í reglugerð sjóðsins geymast réttindi sjóðfélaga sem hættir eru störfum vegna aldurs eða örorku óskert í 12 mánuði frá starfslokum, hafi þeir greitt til sjóðsins síðustu 5 árin fyrir starfslok. Eftir það skulu þeir eiga rétt til 60% af þeim styrkjum sem greiðandi félagar njóta. Einnig eiga aðstandendur þeirra rétt til dánarbóta samkv. þessari grein, nú kr. 216.000.
- Nýtt upphaf á grein 12.8 er hún nú svohljóðandi:**  
Stjórn sjóðsins getur við sérstakar aðstæður metið hvort dagpeningar skuli greiddir lengur en eitt bótatímabil og hver upphæð dagpeninga skuli þá vera.  
Heimilt er stjórn sjóðsins að veita styrki til sjóðfélaga í formi forvarnar- og endurhæfingarstyrkja og styrkja vegna sjúkra- og slysakostnaðar, fæðingarstyrkja, vegna krabbameinsrannsókna, stoðtækjastyrkja o.þ.h. sem stjórn sjóðsins ákveður á hverjum tíma og geta sjóðsins leyfir.
- Vakin er athygli á 15. grein reglugerðar sjóðsins um fyrningu bótaréttar :**
- 15. grein - Fyrning bótaréttar**
- Réttur til dagpeninga í veikinda og slysaförðum skv. gr.12.1 og 12.4 fellur niður sé þeirra ekki vitjað innan 12 mánaða frá því rétturinn stofnaðist.
  - Réttur til styrkja skv. reglugerð þessari fellur að öðru leyti niður sé þeirra ekki vitjað innan 12 mánaða frá því rétturinn stofnaðist.
- Upphæðir hámarks dagpeninga og dánarbóta verða hækkaðar 1.jan. 2017 miðað við launavísitölu samkvæmt lögum ASÍ. Dánarbætur taka mið af neysluverðsvísitölu frá 1. jan 2017.**
- Bótareglurnar voru síðast staðfestar á aðalfundi Stéttarfélags Vesturlands 14. júní 2016.**

Stéttarfélag Vesturlands  
Alþóhúsinu,  
Sæunnargötu 2a  
310 Borgarnes

Stéttarfélag Vesturlands



Fyrir  
frímerki

Brjótið saman og  
látið heimilisfang  
Stéttarfélagssins snúa út

# Umsókn um orlofskosti sumarið 2017

Umsækjandi: \_\_\_\_\_ Kennitala: \_\_\_\_\_

Heimili: \_\_\_\_\_ Póstfang: \_\_\_\_\_

Vinnustaður: \_\_\_\_\_ HS: \_\_\_\_\_ GSM: \_\_\_\_\_

Hér fyrir neðan er gefinn kostur á að sækja um eina viku með allt að þremur valmöguleikum um stað og tímabil.  
Merkið með tölunni 1 fyrir fyrsta val en 2 eða 3 ef aðrir kostir koma til greina.

Valkostur	Vika												
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13
Ásatún 26-Akureyri	2. júní til 9. júní	9. júní til 16. júní	16. júní til 23. júní	23. júní til 30. júní	30. júní til 7. júlí	7. júlí til 14. júlí	14. júlí til 21. júlí	21. júlí til 28. júlí	28. júlí til 4. ágú.	4. ágú. til 11. ágú.	11. ágú. til 18. ágú.	18. ágú. til 25. ágú.	25. ágú. til 1. sept.
Ölfusborgir													
Húsafell - Kiðárskógur 1													
Húsafell - Kiðárskógur 10													

Ath. verð á viku:

Ölfusborgir	kr.	20.000	Minnnum á vefinn - <a href="http://www.orlof.is/stettvest">www.orlof.is/stettvest</a>
Kiðárskógur 1	kr.	20.000	
Ásatún 26, Akureyri	kr.	25.000	Tölvupóstfang umsækjenda: _____
Kiðárskógur 10 (stærra hús)	kr.	25.000	

**Síðasti skiladagur umsókna er 12. apríl 2017**

Stéttarfélag Vesturlands, Sæunnargötu 2a, 310 Borgarnes, sími: 430 0430, fax: 430 0431 tölvupóstfang: [stettvest@stettvest.is](mailto:stettvest@stettvest.is)